



Heiðarskóli — Fréttabréf

Maí 2007

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



SpKef  
Sparisjóðurinn í Keflavík

## Viðurkenning frá FFGÍR

Á aðalfundi FFGÍR 24. maí s.l. fékk Heiðarskóli afhent *Fjöreggið*. Í ávarpi Dagnýjar Gísladóttur formanns FFGÍR kom fram að viðurkenningin væri veitt fyrir nýbreytni í samstarfi og að skólinn hafi unnið vel að því að efla allt samstarf heimila og skóla. Dagný minntist á fjölda samskiptadaga og þá sérstaklega á markmiðssetningardaginn s.l. haust, ömmu og afadag, málþingið, öflugna heimasíðu og vorsýningardaginn. Starfsfólk skólans þakkar kærlega fyrir þessa viðurkenningu.



*Fjöreggið er fallegur leirgripur með áletruninni Fjöregg FFGÍR 2007*

## Vorsýning í Heiðarskóla



Miðvikudaginn 16. maí var sett upp sýning í skólanum. Fjöldi gesta sótti sýninguna. Gestir skoðuðu muni nemenda, fylgdust með atriðum á sviði, heimsóttu stofur og tóku þátt í dansi í íþróttahúsinu. Þá komu einnig mjög margir til að borða hádegisverð með börnum sínum. Dagurinn var sérstaklega ánægjulegur. Starfsfólk og nemendur Heiðarskóla þakka gestum kærlega fyrir komuna. Forsvarsmönnum Skólamatar þökkum við ánægjulegt samstarf og rausnarlegt boð en Skólamatur bauð gestum á sýningunni í mat



## Óskilamunir

Óskilamunir sem verða eftir í skólanum í lok skólaárs verða gefnir Rauða krossinum 12. júní. Foreldrar og forráðamenn eru beðnir um að nálgast það sem gleymst hefur í skólanum fyrir þann tíma.

## VORFERÐIR

Þessa dagana eru nemendur að fara í sínar árlegu vorferðir. Nokkrir árgangar hafa þegar farið og ferðirnar allar heppnast mjög vel. Meðal annars fór 7. bekkur til Reykjavíkur 24. maí og fór þar í keilu og út að borða. 6. bekkur fór á Veiðisafnið og á fleiri skemmtilega staði og 3. bekkur í Húsdýragarðinn. Nemendur í 10. bekk fóru svo í sína útskriftar- og vorferð að Hofi í Öræfasveit. Þar gerðu þeir margt skemmtilegt., fóru í flúðasiglingu, klettaklifur og fuglaskoðun á Ingólfshöfða.



*Nemendur í 10. bekk á slóðum Engla alheimsins 10. maí.*

## ÞÖKKUM SAMSTARFIÐ

Starfsfólk Heiðarskóla þakkar nemendum og foreldrum fyrir samstarfið á sólaárinu sem nú er að ljúka. Skólaásetning næsta haust verður 22. ágúst en nánari tímasetning verður auglýst í staðarblöðunum í ágúst. Skóladagatal næsta skólaárs er birt hér í þessu fréttabréfi og gott er að geyma það. Við vonum að allir hafi það g o t t á k o m a n d i sumri og við sjáumst glöð og sæl næsta haust.



*Sóley í 3. bekk HH*

## VIÐURKENNING FRÁ HEIMILI OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru veitt í Þjóðmenningarhúsinu þriðjudaginn 15. maí. Að þessu sinni fengu kennarar og starfsmenn Heiðarskóla tilnefningu.

Tilnefninguna fengu starfsmennirnir fyrir málþing um skólamál sem þeir boðuðu til laugardaginn 24. febrúar. Sóley Halla Þórhallsdóttir aðstoðarskólalastjóri tók við viðurkenningarskjali í Þjóðmenningarhúsinu frá samtökunum.



*Fulltrúar þeirra sem fengu tilnefningu ásamt forsvarsmönnum Heimilis og skóla.*

## VORHÁTÍÐ FORELDRAFÉLAGSINS

Vorhátíð Foreldrafélags Heiðarskóla var haldin hátíðleg laugardaginn 19. maí. Nemendur og foreldrar þeirra lögðu leið sína í skólann þennan dag og tóku þátt í þeim fjölmörgu viðburðum sem boðið var upp á. Á staðnum voru „Go-kart-bílar“, hjóltreidaskoðun, hoppukastali, andlitsmálun, grill, vöfflusala og margt fleira.



# Kynningarfundir í Heiðarskóla

Nú á vordögum hafa verið haldnir margir kynningarfundir í Heiðarskóla. Foreldrar og nemendur í 7., 8. og 9. bekk fengu kynningu á valgreinum næsta árs. Þá voru foreldrar væntnalega nemenda í 1. bekk boðaðir á kynningarfund um miðjan maí. Fundirnir voru allir mjög fjölmennir en þeir voru allir haldnir að morgni. Við þökkum þeim sem komu.



Foreldrar nýnema skoða skólann.

## Skólaþrífraut FRÍ

Nemendur í Heiðarskóla tóku þátt í undankeppni Skólaþrífrautar FRÍ og Iceland Express fyrr í vetur. Þrír nemendur úr 6. bekk komust áfram í úrslit en þeir eru : Aron Freyr Kristjánsson, Kristófer Sigurðsson og Thelma Hrund Tryggvadóttir. Úrslit þrífrautarinnar var 20. maí í Laugardalshöllinni. Keppnisgreinarnar voru 60 m hlaup, kúluvarp og hástökk. Nemendur Heiðarskóla stóðu sig mjög vel í þessari frjálsíþróttakeppni og óskum við þeim til hamingju með góðan árangur.

## Skákmeistari Heiðarskóla

Þann 27. apríl var haldið skákmót í skólanum. Skákmeistari Heiðarskóla varð Sigurður Vignir Guðmundsson 9. MJ. Þetta er í fyrsta skipti sem skákmeistari Heiðarskóla er krýndur en í framtíðinni verður haldið a.m.k. eitt skákmót þar sem það verður gert. Sigurður Vignir fékk bikar og nafn sitt á farandbikar sem geymdur verður í skólanum.



## Kór Heiðarskóla

Í vetur hefur kór Heiðarskóla undir stjórn Sigrúnar Gróu Magnúsdóttur æft á þriðjudögum kl. 14:00. Næsta haust mun kórinn halda áfram að æfa og vonum við að sjá sem flesta á æfingum.



## Skólaslit Heiðarskóla

Fimmtudaginn 7. júní verða skólaslit Heiðarskóla haldin á sal skólans. Foreldrar og forráðamenn eru hjartanlega velkomnir með börnum sínum. Útskrift 10. bekkinga verður með hefðbundnum hætti kl. 13:30 saman dag.

**Nemendur mæti til skólaslita sem hér segir:**

Kl. 9:00 7., 8. og 9. bekkur  
Kl. 10:00 4., 5. og 6. bekkur  
Kl. 11:00 1., 2. og 3. bekkur

## Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga í Heiðarskóla er kl. 13:30 fimmtudaginn 7. júní. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta með börnum sínum og eiga ánægjulega stund í skólanum þennan síðasta skóladag þeirra í grunnskóla.

**Boðið verður upp á veitingar að loknum skólaslitum.**

# Skóladagatal 2007 - 2008

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1	1 L	1 M	1 F	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Nýársdagur	1 F	1 L	1 Þ	1 F Verkalýðsdagurinn	1 S Sjömannadagurinn
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S Jólafasta hefst	2 M	2 L	2 S	2 M	2 F Samr.pr. 10. Nátt.	2 M
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 M	3 F	3 L	3 Þ
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M Bolludagur	4 Þ	4 F	4 S	4 M Starfsdagur (e)
5 S	5 M	5 F Þema	5 M	5 M	5 L	5 Þ Sprengidagur	5 M	5 L	5 M Samr.pr. 10. Sam.	5 F Skólaslit (10)
6 M Fridagur verst.manna	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S Þrettándinn	6 M Öskudagur (6)	6 F	6 S	6 Þ Samr.pr. 10. Dan.	6 F Starfsdagur
7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F	7 F	7 M Starfsdagur (d)	7 M	7 L
8 M	8 L	8 M Þema	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 L	8 Þ	8 F Samr.pr. 10. Stæ.	8 S
9 F	9 S	9 Þ Kennsla skert (3)	9 F Afar og ömmur	9 S	9 M	9 L	9 S	9 M	9 F	9 M Starfsdagur
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 M	10 F	10 L	10 Þ Starfsdagur
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 Þ	11 F	11 S Hvítasunnudagur	11 M
12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 M	12 L	12 M Annar í hvítasunnu	12 F
13 M	13 F Starfsdagur (a)	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F Árshátíð (7)	13 S	13 Þ	13 F
14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 M Starfsdagur	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F Þróttadagur	15 L	15 Þ Samskiptadagur (8)	15 F	15 S
16 F Starfsdagur	16 S	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M Námsmat til ritara	16 L	16 S Pálmasunnudagur	16 M	16 F	16 M
17 F Starfsdagur	17 M Þróttadagur	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 M	17 F	17 L	17 Þ Lyðveldisdagurinn
18 L	18 Þ	18 F Samr.pr.4.+ 7. Ísl	18 S	18 Þ	18 F	18 M Starfsdagur (c)	18 Þ	18 F	18 S	18 M
19 S	19 M	19 F Samr.pr.4.+ 7. Stæ.	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 M	19 L	19 M	19 F
20 M Starfsdagur	20 F	20 L	20 Þ	20 F Jólhátíð (4)	20 S	20 M	20 F Skirdagur	20 S	20 Þ	20 F
21 Þ Starfsdagur	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M Afhending námsmats	21 F	21 F Föstudagurinn langi	21 M	21 M Námsmatsdagur (9)	21 L Sumarsólstöður
22 M Skólasetning (1)	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ Samskiptadagur (5)	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F Kennsla hefst	23 S	23 Þ	23 F Starfsdagur (b)	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 S Páskadagur	23 M	23 F	23 M Jónsmessunótt
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S Konudagur	24 M Annar í Páskum	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 Þ Jónsmessa
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ Jóladagur	25 F Bóndadagur	25 M	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 S	26 M Samskiptadagur (2)	26 F Vetrarfrí	26 M	26 M Annar í jólum	26 L	26 Þ	26 M	26 L	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L Fyrsti vetrardagur	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 M	29 L	29 M Vetrarfrí	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 L	29 Þ Samr.pr. 10. Ísl.	29 F Námsmat til ritara	29 S
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M		30 S	30 M Samr.pr. 10. Ens.	30 F	30 M
31 F		31 M		31 M Gamlársdagur	31 F		31 M		31 L	

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og átta utan hans. Skólanevnd skal staðfesta áætlun um starfstíma skóla.